

breytingum. Samþykkja má lífbát sem léttbát enda uppfylli hann einnig kröfur um léttbát skv. reglu 26.2 III. kafla, SOLAS 1974.

4. Búnaður slöngubjörgunarbáts.

1. Eitt sett af flothæfum árum.
2. Krókstjaki með kúlu á endanum.
3. Tvö austurtrog og svampur.
4. Vatnsþétt vasaljós til merkjagjafar.
5. Merkjagjafaspegill til dagnota.
6. Leiðbeiningar um merkjagjafir.
7. Leiðbeiningar um hvernig lifa megi af í björgunarfari.
8. Fjórir rauðir fallhlífarflugeldar og sex rauð handblys.
9. Tvö flothæf reykmerki til dagnota.
10. Flauta til hljóðmerkjagjafar.
11. Tvö rekakkeri með langri, sterkri línu.
12. Tvær nægjanlega langar, sterkar bátsfestar.
13. Tvær 30 m flotlínur með kasthring.
14. Vatnsþétt ílát með 1,5 l á mann, eða með 1 l á mann ásamt tæki til að framleiða 0,5 l af vatni á mann á tveim dögum. Einnig ryðfrítt drykkjarílát í taug fest við bátinn.
15. Matarskammtur (minnst 10.000 kj = kilójoule) á hvern mann, sem báturinn rúmar, í loftþéttum og vatnsþéttum umbúðum.
16. Lyfjaskrín nr. 4, skoðist í lyfjabúð annað hvert ár.
17. Flothæfur öryggishnífur.
18. Þrír dósaopnarar.
19. Varmapoki fyrir hvern mann, sem báturinn ber.
20. Radarspegill.
21. Fiskilína ásamt sökku og öngli.
22. Viðgerðarsett til viðgerða á lofthólfum.
23. Lofthanddæla.
24. Vélknúnir slöngubátar skulu til viðbótar ofangreindu vera búnir handslökkvitæki til nota á olíuelda.
25. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 5., 15., 20. og 21. tl.

Nr. 190

7. apríl 1994

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

Einstefna verður á Foldahrauni frá húsi nr. 34 að Goðahrauni til vesturs.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 7. apríl 1994.

Georg Kr. Lárusson.